



Leysing á hálendi og jöklum seinni hluta sumars 1998

Oddur Sigurðsson

Greinargerð OSig-98-06

1998-09-10

Leysing á hálendi og jöklum seinnihluta sumars 1998

Í framhaldi af fyrri eftirlitsferðum til að fylgjast með leysingu á jöklum á vatnasviði Þjórsár og Tungnár (Oddur Sigurðsson 1998) var flogið yfir Hofsjökul og vestanverðan Vatnajökul 23. ágúst 1998. Ljósmyndir voru teknar af þessum svæðum. Heiðskýrt var yfir öllu landinu þennan dag og gervitunglamyndir fengnar frá Skotlandi gefa góða vísbendingu um legu snælnunnar á öllum jöklum landsins. Sumstaðar var erfitt að greina nákvæmlega snælnuna á jöklunum en ekki getur skakkað miklu í greiningunni.

Suðaustanvert á Hofsjökli er snælnan í um 1300 m y.s. Þaðan hækkar hún smám saman til norðurs í um 1400 m y.s. á Miklafelli. Um norðan- og vestanverðan jökulinn stendur snælnan áfram í um 1400 m y.s. en lækkar frá suðvestur horninu í um 1300 m y.s. upp af Múlajökli.

Á Köldukvíslarjökli og Sylgjujökli var snælna komin í um eða yfir 1400 m y.s. og lá í línu frá Hamrinum yfir Tungnárjökul í stefnu á Geirvörtur í tæplega 1400 m y.s.

Vart þarf að taka fram að snjór utan jökla er nánast allur farinn á svæðinu.

Samkvæmt ofangreindum athugunum má ætla að leysing það sem af er sumri á Hofsjökli norðanverðum í 1400 m y.s. hafi verið um 1,5 m að vatnsgildi og þar af 1,3 m síðan 10. júlí 1998. Samsvarandi tölur fyrir 1350 m y.s. á Þjórsárjökul eru 1,6 m það sem af er sumri og 1,3 m síðan 10. júlí 1998.

Það má geta sér þess til af ofangreindum gögnum og reynslu af leysingu á Hofsjökli, að leysing í 1000 m y.s. á Þjórsárjökli hafi verið komin í 3 m að vatnsgildi. Með framreikningi má ætla að leysing sumarsins á Þjórsárjökli sé komin vel yfir 500 Gl. Á Sátujökli má gera ráð fyrir að heildar leysingin sé um 200 Gl. Mig skortir gögn til að draga samsvarandi ályktanir um Vatnajökul.

Í ferðinni kom í ljós að hlaupið hefur úr Hvítalóni í Hamarskrika í sumar og liggur það vatn væntanlega allt í Hágöngumiðlun nú.

Heimildalisti:

Oddur Sigurðsson 1998. Leysing á hálendi og jöklum fyrri hluta sumars 1998. osig-98/05, Orkustofnun